

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2025

2025/EES/46/06

frá 8. maí 2025

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. H14 frá 21. júní 2023 um birtingu leiðbeininga varðandi COVID-19-heimsfaraldurinn, skýringar varðandi túlkun beitingar II. bóls reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 67. og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 í COVID-19-heimsfaraldrinum, leiðbeininga um fjarvinnu sem gildir á tímabilinu frá 1. júlí 2022 til 30. júní 2023 og leiðbeininga um fjarvinnu sem gildir frá 1. júlí 2023 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3.H13 (ákvörðun nr. H13) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„3.H14 **32024 D 00594**: Framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa - Ákvörðun nr. H14 frá 21. júní 2023 um birtingu leiðbeininga varðandi COVID-19-heimsfaraldurinn, skýringar varðandi túlkun beitingar II. bóls reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 67. og 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 í COVID-19-heimsfaraldrinum, leiðbeininga um fjarvinnu sem gildir á tímabilinu frá 1. júlí 2022 til 30. júní 2023 og leiðbeininga um fjarvinnu sem gildir frá 1. júlí 2023 (Stjtið. ESB C, C/2024/594, 11.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. H14, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C, C/2024/594, 11.1.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/C/2024/594/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.